

Nd.

33. Frumvarp til laga

[32. mál]

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 frá 24. apríl 1973.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Í IV. kafla laganna, sem fjallar um hrossarækt, í niðurlagi 2. málsg. 37. gr., stendur: „og 10% af útflutningsverði hryssna“. Í stað þessara orða komi: og 10% af útflutningsverði hryssna, sem teknar hafa verið í ættbók Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta ákvæði, sem slapp í gegnum Alþingi við meðferð þessa máls á s. l. vori, hefur valdið miklum deilum í landinu og megnri óánægju meðal hrossabænda. Þarna er farið inn á þá braut að afla tekna með útflutningstolli á almenna söluvöru landbúnaðarins. Það lítur ekki vel út, að löggjafinn mismuni framleiðslugreinum bænda á þann hátt, að verulegar útflutningsuppbætur séu greiddar á framleiðsluvörur nautgriparæktar og sauðfjárræktar, en útflutningstollur lagður á um það bil þriðjung af útflutningsafurðum hrossabænda. Hins vegar viðurkenna allir þörf þess að stemma stigu við sölu á völdum kynbótagripum úr landi. Stofnverndarsjóðshugmyndin er góðra gjalda verð og rétt að miða gjaldið við verðmæta kynbótagripi eingöngu, eins og tíðkast í enska landbúnaðarhéraðinu Jersey, en þaðan er hugmyndin komin.

Mál þetta bar fyrst opinberlega á góma á ráðunauta- og sérfræðingafundi, sem Búnaðarfélag Íslands hélt að loknu Búnaðarþingi veturinn 1972. Aðilar hestaútflutningsins, sem mættu á þeim fundi, samþykktu þar fyrir sitt leyti það sjónarmið að afla tekna í nefndan stofnverndarsjóð með 10% útflutningsgjaldi á stóðhesta og ættbókarfærðar hryssur og þannig um leið að auðvelda innlendum aðilum að keppa við útlendinga um kaup á viðurkenndum kynbótagripum.

Útflutningur landbúnaðarafurða er ekki auðveld verslun, og þótt góður og batnandi árangur hafi fengist með hestasölu úr landi á síðustu árum, þá er ekki hægt að segja, að um neina uppgripaverslun sé að ræða almennt, þótt einstakir hestar seljist fyrir hátt verð bæði erlendis og innanlands.

Hestar eru tolluð vara í löndum Efnahagsbandalagsins, sem er okkar helsti markaður. Nemur tollurinn 18% af cif-verði, en auk þess kemur venjulegur virðisaukaskattur. Í Svíþjóð er svo hár tollur á innfluttum hestum, að við Íslendingar höfum ekki getað notfært okkur þá eftirspurn, sem þar er þegar fyrir hendi. Viðskiptaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að því að fá þennan toll í Svíþjóð afnuminn eða lækkaðan verulega, og þá virðist það vera mótsagnakennt á sömu tímum að leggja 10% útflutningstoll á sömu vöru af okkar hálfu.

Að síðustu má benda á, að frá upphafi búfjárræktarlaga í landinu hefur ríkissjóður kostað eða styrkt kynbótastarfsemina. Þegar farið er að leggja útflutningsskatt almennt á hryssur án tillits til gæða eða aldurs, þá er ekki lengur um verndarsjónarmið að ræða, heldur fjáröflunarsjónarmið. Hér er þá verið að móta nýja stefnu í búfjárræktarmálum, og þá hlýtur sú nýja stefna að eiga að ná jafnt til allra bænda og allra búgreina. Hitt er þó miklu best, að falla frá þessu mjög umdeilda og hæpna sjónarmiði og breyta lögnum þannig, að útflutningsgjaldið verði aðeins lagt á ættbókarfærðar hryssur. Það sjónarmið geta allir sætt sig við. Glögg rök í þessu máli voru skrifuð í leiðara búnaðarblaðsins Freys á s. l. sumri, þar sem mælt var kröftuglega gegn þessu ákvæði hinna nýju búfjárræktarlaga.